


GÁT-001	Fjölbrautaskólinn við Ármúla	
Útgáfa: 01		
Dags.: 7.1.2019		
Höfundur: HH		
Sampykkt: Gæðastjóri		
Síða 1 af 1	Gátlisti fyrir rýni stjórnenda	

Við rýni stjórnenda skal hafa eftirfarandi atriði í huga:

Úttektir

- Hefur úttektaáætlun fyrra árs gengið eftir?
- Eru frávik óeðlilega mikil í einhverjum hluta Gæðahandbókarinnar?
- Á að leggja áherslu á úttektir á einhverjum sérstökum hluta gæðakerfisins í úttektum næsta árs?
- Skila úttektir tilætluðum árangri?
- Eru úttektarmenn nógu margir?

Úrbótaatriði

- Er fjöldi úrbótaatriða mikill/lítill?
- Hafa úrbótaatriði verið afgreidd á viðunandi hátt?
- Hafa úrbótaatriði verið unnin á tilsettum tíma?
- Hafa úrbótaatriði skilað nægilega miklum ávinningi?

Niðurstöður gæðamælinga

- Þarf að bregðast við niðurstöðum kennslukannanna?
- Þarf að bregðast við niðurstöðum þjónustukannanna?
- Þarf að bregðast við niðurstöðum starfsandakannanna?
- Er ástæða til að stunda mælingar á fleiri þáttum rekstrarins?

Kvartanir og úrbætur

- Er fjöldi kvartana of mikill/lítill?
- Hafa kvartanir verið afgreiddar á viðunandi hátt?
- Hafa kvartanir verið afgreiddar á þeim tíma sem stjórnendur eru ánægðir með?
- Hefur verið kvartað oftari en einu sinni yfir sama atriðinu?
- Hefur verið kvartað oftari en einu sinni yfir sama verkefninu?
- Hafa kvartanir leitt til breytinga á Gæðahandbókinni?

Gæðamarkmið og gæðastefna

- Hefur gæðamarkmiðum verið náð?
- Hvaða gæðamarkmið skal setja fyrir næsta tímabil?
- Er þörf á að endurskoða gæðastefnu?

Heildarmat á gæðahandbókinni

- Hentar Gæðahandbókin til ætlaðra nota?
- Er ástæða til að gera breytingar á umfangi Gæðahandbókarinnar?
- Er ástæða til að taka einhvern hluta Gæðahandbókarinnar til endurskoðunar?
- Uppfyllir Gæðahandbókin ISO 9001?